

Emilia Bjarnveig Skúladóttir - Strætómálin í Reykjanesbæ

Ég bý í Innri-Njarðvík og nota strætó mjög mikið og hann er mjög hentugur fyrir mig þegar foreldrar mínr geta ekki skutlað mér. Vandamálið er það að þegar eg fer í strætó endar það alltaf á því að það gerist einhvað við mig eða aðra, t.d krakkar þurfa að borga eða taka næsta strætó ef þau gleyma strætókortinu eða taka strætó mikið fyrr fyrir æfingu bara svo þau verða ekki sein, fólk hafa þurft að bíða í kuldánnum eftir strætó afþví það er ekki strætóskýli hjá strætó stoppinu þeirra, þegar það eru margir að fara í strætó á sama tíma þurfa sumir að standa í strætó af því það eru ekki nóg og mörg sæti fyrir alla. Mörgum sinnum hafa ég og aðrir sem búa í Keflavík og eru í Njarðvík eða akkúrat öfugt á leiðinni heim á Laugardags og Sunnudags kvöldi en strætó fer ekki um helgar að kvöldi til.

Mér og mörgum öðrum finnst að Reykjanesbæjar strætóinn ætti að fara inná klapp appið eða gera annað app sem er eins og klapp appið bara með rafrænu strætókorti, ekki bara miðum af því flest allir eru alltaf með símann með sér hvert sem maður fer og það væri mjög sniðugt og hentugt fyrir alla að hafa rafrænt strætókort fyrir þá sem að gleyma því heima. Til þess að fækka líkurnar á því að krakkar missa af meirihlutanum af æfingu eða kennslutíma í skólanum gætum við hafið strætó gangandi á 15 mínúta fresti sem þýðir að það þurfi að vera tveir strætóar í Njarðvík, Keflavík og á Ásbrú. Mér finnst að það ættu að vera fleiri sæti í einum strætó svo það eru ekki margir sem þurfa að standa þegar strætó er á ferð og hvað þá fyrir fólkioð sem eru með litlu börnin sín með sér í strætó, eða fólkioð sem er að koma úr búðinni og eru með helling af pokum. Ég hef marg oft lent í því að mér hafi verið orðið alveg svakalega kalt afþví það eru ekki strætóskýli hjá mörgum strætóstoppistöðum en af því við búum á Íslandi og það er eiginlega aldrei gott veður finnst mér að það ættu að koma strætóskýli hjá öllum strætóstoppistöðunum svo krakkar geta fengið pínu skjól þegar þau eru að bíða eftir strætó úti í kuldánum.

Takk fyrir mig